

72

22. júlí

5. gr.

Félagið skal eiga með sér aðalfund árlega, síðla vetrar. Á fundi, er gengið verður frá samþykkt þessari til fullnustu, skal kosin þriggja manna stjórn fyrir félagið. Stjórnin er kosin til þriggja ára, og gengur einn maður úr stjórninni á hverju ári, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti, og kys aðalfundur mann í stað þess, er úr gengur.

Á aðalfundi skulu rædd félagsmál, kosinn endurskoðandi, úrskurðaðir reikningar félagsins, er stjórnin semur fyrir næsta ár á undan o. s. frv.

Afrit af ársreikningnum skal sent landssímastjóra.

6. gr.

Sveitarstjórn Hofshrepps og sýslustjórn Skagafjarðarsýslu ábyrgist starf-rækslu einkasimanna eftir því, sem landssímastjóri mælir fyrir um, og að línun-um sé að öllu vel við haldið.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, allt að kr. 200.00, er renna í sveitarsjóð Hofshrepps.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 11, 14. júní 1929 um einkasíma í sveitum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öll-um þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. júlí 1932.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

73

23. júlí

S A M Þ Y K K T

um

stjórn bæjarmálefna í Reykjavík.

I. KAFLI.

Um stjórn bæjarmálefna.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er skipuð 15 kjörnum bæjarfulltrúum. Þeir taka ákvarðanir á bæjarstjórnarfundum um þau málefni bæjarins, er til bæjarstjórnar koma.

Borgarstjóra er rétt og skylt að sitja fundi bæjarstjórnar, en ekki á hann þar atkvæði, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi.

73
23. júlí

Ef bæjarfulltrúi getur ekki sótt fund sakir fjarvistar eða forfalla eða hans missir alveg við, þá tekur varamaður sæti hans á bæjarstjórnarfundum samkvæmt þar um settum reglum.

2. gr.

Störf bæjarstjórnar eru þessi:

1. Hún fer með fjármál bæjarins. Hún kveður því á um lántökur handa bæn-um og gerir samninga um þau efni, gerir áætlun um tekjur hans og gjöld hvert almanaksár og úrskurðar reikninga hans. Eigi má greiða fé úr bæjar-sjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins eða annari ákvörð- un bæjarstjórnar.
2. Setur reglur um stjórn bæjarmála, þar á meðal um meðferð á eignum bæj- arins, samkvæmt gildandi réttarreglum.
3. Kís nefndir, bæjarráð, borgarstjóra og endurskoðendur reikninga bæjarins, ákveður laun þeirra og annara fastra starfsmanna bæjarins.
4. Fer með mál þau annars, er til hennar koma að tilhlutun annara stjórnar- valda, nefnda eða bæjarráðs, og kemur fram fyrir bæjarins hönd um samn- inga og fyrirsvar bæjarins að öðru leyti, nema öðrum sé það falið.
5. Bæjarstjórn getur loks tekið til meðferðar hvert það málefni, sem bæinn varðar og réttilega er undir hann borið.

Bæjarfulltrúum er heimilt að sjá bækur og skjöl bæjarins.

3. gr.

- I. Þessar fastanefndir skal bæjarstjórn kjósa með hlutfallskosningum, að því leyti sem þess er kostur, til eins árs í senn, á fyrri fundi sínum í febrúar:
 1. Brunamálanefnd (lög nr. 20, 15. okt. 1875).
 2. Byggingarnefnd (lög nr. 17, 13. sept. 1901).
 3. Hafnarnefnd (lög nr. 19, 11. júlí 1911 og lög nr. 22, 22. okt. 1912).
- II. Ennfremur kís bæjarstjórn:
 1. Fjóra menn í niðurjöfnunarnefnd í nóvember ár hvert, með hlutfalls- kosningu.
 2. Fjóra menn í skólanefnd til 3 ára í senn, með hlutfallskosningu.
 3. Einn mann í heilbrigðisnefnd til eins árs í senn.
 4. Einn mann í stjórn Fiskimannasjóðs Kjalarnesþings til eins árs í senn.
 5. Einn mann til þess að semja verðlagsskrá til eins árs í senn.
 6. Fjóra menn í skólanefnd gagnfræðaskóla til 3 ára og með hlutfallskosn- ingu.
 7. Kjörstjóra samkvæmt fyrirmælum kosningalaga.

Alla þá menn, sem kjósa skal samkvæmt þessari grein, má endur- kjósa.

73

23. júlí

Bæjarstjórn getur skipað bæjarfulltrúa í sérstakar nefndir (lausanefndir) til þess að íhuga og undirbúa einstök mál. Svo getur bæjarstjórn falið borgarstjóra, bæjarráði eða einstökum bæjarfulltrúum athugun og undirbúning einstakra málefna.

Rétt er bæjarstjórn að taka til umræðu og ályktunar málefni, þótt nefnd, borgarstjóri eða bæjarráð hafi það til meðferðar, eftir þeim reglum, sem í fundarsköpum bæjarstjórnar segir.

4. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd, forfallast eða getur ekki gegnt störfum sakir fjarvistar eða hans missir alveg við, þá tekur sæti hans varamaður samkvæmt þar um settum reglum.

5. gr.

Borgarstjóra er rétt og skylt að sækja fundi fastanefnda þeirra, er getur í 3. gr. I. og lausanefnda (4. gr.). Hefir hann þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi, enda láti lög ekki öðruvísi um mælt. Rétt er að kjósa borgarstjóra formann nefnda þeirra, sem í þessari grein segir.

6. gr.

Brunamálanefnd skipa fimm bæjarfulltrúar, ásamt slökkviliðsstjóra, eða í forföllum hans varaslökkviliðsstjóra. Nefndin skal hafa eftirlit með brunamálum bæjarins og slökkviliði og gæta þess, að þar um settum reglum sé fylgt.

7. gr.

Byggingarnefnd skipa borgarstjóri, sem er formaður hennar gildandi lögum samkvæmt, slökkviliðsstjóri, eða í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri, og 4 menn aðrir. Skulu 2 þeirra vera bæjarfulltrúar, en 2 utan bæjarstjórnar. Byggingarfulltrúa er skylt að sitja fundi byggingarnefndar.

Byggingarnefnd annast byggingarmálefni bæjarins samkvæmt fyrir-mælum laga og samþykkt um þau mál.

8. gr.

Hafnarnefnd skipa borgarstjóri, sem er formaður hennar lögum samkvæmt, tveir bæjarfulltrúar og tveir menn utan bæjarstjórnar, annar úr tölu kaupmanna, en hinn úr tölu sjómanna. Hafnarstjóra er skytt að sitja fundi hafnarnefndar.

Hafnarnefnd annast stjórn og framkvæmt hafnarmála, þar á meðal eftirlit með höfninni, samkvæmt fyrir-mælum þeim, sem um þau mál gilda.

9. gr.

Skólanefnd hefir umsjón og eftirlit með öllum barnafræðslumálum bæjarins og sérstaklega með kennslu í barnaskólum hans og öllu, er þá varðar, allt samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum og reglugerðum um fræðslu barna.

10. gr.

11. gr.

Heilbrigðisnefnd skal sjá um, að heilbrigðissamþykkt bæjarins sé fylgt. 23. júlí

73

12. gr.

Bæjarráð skipa 5 bæjarfulltrúar kosnir hlutfallskosningu til eins árs í senn, fyrsta skipti jafnskjótt sem samþykkt þessi kemur til framkvæmdar, enda gildir kosning bæjarráðs ávallt þar til nýtt bæjarráð hefir verið kosið. Bæjarráðsmenn má endurkjósa.

Borgarstjóri á sæti í bæjarráði. Má kjósa hann formann þess, enda hefir hann þar málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt því aðeins að hann sé jafnfram! bæjarfulltrúi og kosinn í bæjarráð.

Bæjarstjórn kys 5 varamenn úr flokki sínum í bæjarráð með sama hætti sem aðalmenn. Ef bæjarráðsmaður forfallast eða hans missir við, tekur sæti hans varamaður, kosinn á sama lista sem aðalmaður.

Bæjarráð kys sér formann og skrifara. Sá er rétt kjörinn, sem fær meiri hluta. Ef tveir fá jöfn atkvæði, ræður hlutkesti.

Bæjarráð hefur skrifstofu í sambandi við skrifstofu borgarstjóra, og skal því heimill aðgangur að öllum skjölum og bókum bæjarins.

Bæjarráð skal halda fundi að minnsta kosti einu sinni í viku, og jafnan þar að auki, ef borgarstjóri, formaður bæjarráðs, ef hann er annar en borgarstjóri, eða að minnsta kosti 2 bæjarráðsmenn óska þess. Fundur er lögmatúr, ef meir en helmingur bæjarráðs sækir hann. Fundi skal venjulega boða með að minnsta kosti nætur fyrirvara.

Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum bæjarráðs. Ef atkvæði eru jöfn, er tillaga fallin, nema sérstaklega sé öðruvísi látið um mælt í samþykkt þessari.

Bæjarráðsmenn fá þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

13. gr.

Bæjarráð og borgarstjóri framkvæma ákvarðanir bæjarstjórnar. Bæjarráð ræður til lykta þeim málum, sem til fastanefnda eru lögð og áður komu til bæjarstjórnar, enda séu þau ekki þess eðlis, eða lög eða samþykkt um stjórn bæjarmálefna mæli svo um, að þau skuli sæta úrlausn bæjarstjórnar, sbr. 2. gr.

Jafnan er bæjarráði heimilt að bera úrlausn máls undir bæjarstjórn, og skylt er að gera það, ef ágreiningur er um mál í bæjarráði og einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Bæjarráð getur falið einstökum bæjarráðsmanni eða mönnum rannsókn og undirbúning, eða gæzlu einstakra mála.

14. gr.

Bæjarráð veitir forstöðu fjármálum bæjarins, býr undir fjárhagsáætlun hans, annast um, að gerðir séu reikningar hans og skýrsla um eignir hans og skuldir, sér um stjórn bæjargjaldkera á bæjarsjóði, að gjaldkeri fylgi þeim reglum, sem honum eru eða verða settar bæði um bókhald, innheimtu bæjargjalda og annað.

73
23. júlí Bæjarráð kveður á um bókhald bæjarins og hefir eftirlit með fjárbirgðum bæjargjaldkera og annara, sem hafa fé bæjarins, þar á meðal hafnarsjóðs, undir höndum.

Bæjarráð skal og hafa eftirlit með því, að borgarstjóri ávísir réttilega reikningum á bæjarsjóð til greiðslu, samkvæmt erindisbréfi sínu.

Gjaldkeri má ekkert gjald greiða úr bæjarsjóði, nema borgarstjóri hafi ávísað því.

15. gr.

Bæjarráð setur starfsmönnum bæjarins erindisbréf, nema það sé bæjarstjórn sérstaklega falið.

16. gr.

Bæjarráð hefir á hendi stjórn fátækramála bæjarins, það sér um framfærslu þurfamanna, annast lögflutning þurfamanna og greftran þeirra, ráðstafar fé því, sem veitt er til þurfamanna og semur um meðgjafir og önnur útgjöld vegna fátækra.

Til aðstoðar sér skipar bæjarráð fátækrafulltrúa, er fá laun úr bæjarsjóði eftir tillögu bæjarráðs og ákvörðun bæjarstjórnar. Fátækrafulltrúar eiga að hafa umsjón með þurfamönnum og láta sér annþ um líðan þeirra, hafa gætur á högum þeirra og heimilisástandum, stuðla að því, að þeir noti efni sín með forsjá og kosti kapps um að bjarga sér og sínum.

Styrkbeiðni þurfamanns verður venjulega ekki tekin til greina, nema fátækrafulltrúi styðji hana, og má ávísa honum fátækrastyrk til ráðstöfuðar, ef ástæða þykir til. Fátækrafulltrúar skulu gera sér far um að afla skýrslna um aðkomumenn, er hafa orðið öðrum sveitum til þyngsla eða hætt er við, að geti ekki haft ofan af fyrir sér í bænum. Fátækrafulltrúar skulu og aðstoða við úthlutun ellistyrks og önnur störf, er til fátækramála teljast, eftir föngum.

Fátækrafulltrúum er skylt að sækja fundi bæjarráðs, þegar fátækramál efni eru þar til meðferðar, og láta því í té allar upplýsingar um störf sín og um hagi þurfamanna.

17. gr.

Bæjarráð hefir á hendi umsjón með og framkvæmdir á vegagerðum bæjarins, endurbótum og hirðingu á vegum, holræsum, rennum og götulýsingu. Það hefir og umsjón með vatnsveitu og vatnsbólum bæjarins, gasstöð hans og starfrækslu hennar, rafmagnsstöðvum hans og starfrækslu þeirra. Forstöðumenn og ráðunautar bæjarstofnana og bæjarins eru skyldir að sitja fundi bæjarráðs til umráða um mál þau, er til starfa þeirra teljast, eftir ákvörðun bæjarráðs.

18. gr.

Borgarstjóri annast bréfagerðir bæjarstjórnar, nefnda og bæjarráðs. Hann annast og framkvæmd á ákvörðunum bæjarstjórnar og bæjarráðs, sem ekki eru öðrum falin.

II. KAFLI.

73
23. júlí

Um starfa niðurjöfnunarnefndar og innheimtu bæjargjalda.

19. gr.

Um skipun niðurjöfnunarnefndar, álagning bæjargjalda, gjalddaga og ábyrgð á greiðslu þeirra, fer að lögum. Ef bæjargjöld eru ekki greidd á gjalddaga, ber að innheimta þau svo fljótt sem kostur er, og með lögtaki, ef á þarf að halda.

20. gr.

Ársreikningar bæjarsjóðs og hafnarsjóðs skulu samdir fyrir mailok. skulu endurskoðendur bæjarins síðan innan 2 vikna hafa lokið endurskoðun sinni á reikningunum. Reikningana skal síðan prenta. Bæjarráð gerir svo, með ráði endurskoðenda, tillögur til úrskurðar um reikningana fyrir lok júlímánaðar. Og skulu þeir síðan lagðir til úrskurðar fyrir bæjarstjórn.

Starfsmenn bæjarins eru þessir:

1. Borgarstjóri.
2. Bæjargjaldkeri.
3. Skrifstofustjóri borgarstjóra.
4. Bæjarverkfræðingur.
5. Byggingarfulltrúi.
6. Bæjarbókhaldari.
7. Heilbrigðisfulltrúi.
8. Slökkviliðsstjóri.
9. Varaslökkviliðsstjóri.
10. Hafnarstjóri.
11. Rafmagnsstjóri.
12. Gasstöðvarstjóri.
13. Aðrir fastráðnir menn, sem skipunarbréf hafa og föst mánaðarlaun taka úr bæjarsjóði eða hafnarsjóði.

Um launakjör starfsmanna bæjarins og eftirlaun fer samkvæmt reglum, sem bæjarstjórnin setur og ráðherra staðfestir.

21. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 26. maí 1915, ásamt viðaukum 2. febr. 1926 og 24. nóv. 1927.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir gert, staðfestist hérmeð samkvæmt tilskipun 20. apríl 1872, sbr. lög nr. 59, 14. júní 1929, til að öðlast gildi 1. ágúst 1932 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. júlí 1932.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.